



Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur

## STARFSLEYFI

fyrir útihátíð (Lóa Festival) í Laugardalnum við Þróttaravöllinn (Þríhyrningur).

Nafn leyfishafa: Lifandi Verkefni ehf.

Heimilisfang: Vesturströnd 15

Póstnúmer: 170

Kennitala: 520111-0690

Útgáfudagur leyfis: xx.xx 2025

Gildir: 21. júní 2025

Starfsleyfi þetta er gefið út samkvæmt ákvæðum laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir með síðari breytingum og laga nr. 93/1995 um matvæli þegar um matvæli er að ræða. Leyfishafi skal hlíta ákvæðum framangreindra laga, einnig laga nr. 6/2002 um tóbaksvarnir með síðari breytingum. Einnig ákvæðum annarra laga, reglugerða og starfsleyfisskilyrða sem um starfsemina kunna að gilda.

Leyfið er einnig gefið út með sértækum starfsleyfisskilyrðum Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur fyrir útihátíðina Lóa Festival í Laugardalnum við Þróttaravöllinn 21. júní 2025, samræmdum starfsleyfisskilyrðum fyrir útihátíðir, almennum starfsleyfisskilyrðum heilbrigðisnefndar Reykjavíkur fyrir mengandi starfsemi og almennum starfsleyfisskilyrðum heilbrigðisnefndar Reykjavíkur fyrir færanlega matvælastarfsemi.

Fyrirhugaðar breytingar á húsnæði, framleiðslu eða rekstri skulu gerðar í samráði við Heilbrigðiseftirlit. Við flutning eða eigendaskipti fellur starfsleyfið úr gildi nema nýr rekstraraðili sæki um að leyfið færist yfir á hans nafn.

Framsal þessa leyfis er óheimilt. Skyld er að framvísa starfsleyfinu þegar opinber eftirlitsaðili óskar þess. Starfsleyfi þetta skal hanga uppi á áberandi stað.

Heimilt er að endurskoða starfsleyfi þegar þörf krefur. Leyfishafi skal greiða starfsleyfis- og eftirlitsgjöld samkvæmt gildandi gjaldskrá.

Reykjavík, xx.xx 2025